



Skýrsla framkvæmdastjóra ÆSKP Starfsárið 2013

Undirrituð tók við starfi framkvæmdastjóra ÆSKP þann 1 október 2013 af Sigríði Rún Tryggvadóttur sem hafði verið framkvæmdastjóri síðastliðin 2 ár.

Æskulýðssamband Þjóðkirkjunnar þakkar Sigríði Rún vel unnin störf í þágu sambandsins.

Verkefni ÆSKP

Erlent samstarf

ÆSKP er í samstarfi við European Fellowship of Christian Youth sem heldur á hverju ári evrópunámskeiðið Easter Course fyrir ungmenni á aldrinum 17-25 ára í kristilegu starfi. Árið 2013 var Easter Course haldið á Íslandi vikuna 24. -31. mars. Námskeiðið sóttu 54 þátttakendur frá 9 mismunandi löndum á aldrinum 17-25 ára og var það haldið í Víðistaðakirkju og Skátaheimili Hraunbúa í Hafnarfirði. Yfirskrift námskeiðsins var *Hand in Hand, Take a Stand* og fjallaði það um mannréttindi, kynþáttafordóma, fjölmenningu og fræðslu til að draga úr fordómum.

Þórunn Harðardóttir hefur verið okkar fulltrúi í European Fellowship og sá um undirbúning námskeiðsins hér á landi ásamt Raket Brynjólfsdóttur og fulltrúum frá öðrum aðildarfélögum European Fellowship.

Kirkjuþing unga fólksins

Kirkjuþing unga fólksins kom saman á Biskupsstofu laugardaginn 25. maí 2013. Tuttugu ungmenni sem eru virk í kirkjustarfi um allt land tóku þátt í þinginu að þessu sinni. Þóra Björg Sigurðardóttir, sem er æskulýðsfulltrúi Grafarvogskirkju, var kjörin forseti kirkjuþings unga fólksins.

Sunna Dóra Möller, prestur og æskulýðsfulltrúi í Akureyrarkirkju var verkefnastjóri kirkjuþingsins í samstarfi við fulltrúa á Biskupsstofu og

framkvæmdastjóra ÆSKP. Frú Agnes Sigurðardóttir biskup Íslands stýrði helgistund í upphafi.

Fimm ályktanir voru samþykktar á þinginu. 1) Ályktun um breytingu á starfsreglum um kirkjuþing unga fólksins, 2) Ályktun um kjör ungmenna til setu á hinu almenna kirkjuþingi, 3) Ályktun um réttindi ungleiðtoga, 4) Ályktun um stöðu þjóðkirkjunnar í kjölfar þjóðaratkvæðagreiðslu um tillögur stjórnlagaráðs 5) Ályktun um launataxta leiðtoga í æskulýðsstarfi.

Ályktanirnar voru teknar fyrir á fundum kirkjuráðs og fjallaði kirkjuþing hið almenna um þá fyrstu og var niðurstaða í samræmi við tillögur kirkjuþings unga fólksins. Þriðja tillagan er til umfjöllunar hjá kirkjustarfshópi og sú fimmta sjá launanefnd þjóðkirkjunnar. Önnur ályktunin hlaut ekki brautargengi en kirkjuráð taldi ekki að fjölga eigi fulltrúum frá kirkjuþingi ungafólksins á kirkjuþingi. Kirkjuráð telur að fjórðu ályktuninni hafi verið komið á framfæri.

Landsmót Æskulýðsfélaga

Landsmót ÆSKP var haldið í Reykjanesbæ 25.-27. október. Fjöldi þátttakenda hefur aldrei verið fleiri, en 640 unglingar voru skráðir á landsmót frá 33 æskulýðsfélögum. Yfirskrift mótsins var *Energí og trú* og var safnað fyrir fátækum ungmennum á Íslandi í samvinnu við Framtíðarsjóð Hjálparstarfs Kirkjunnar. Alls söfnuðust samtals 746.367 kr. á mótinu og í söfnunum Vinaviku Vopnafjarðar og Æskulýðsfélaga á Austurlandi sem fóru fram fyrir mótið.

Fræðsla mótsins fjallaði um fátækt á Íslandi og sá sr. Sigurvin Lárusar Jónssonar stjórnarmaður ÆSKP sá um hana. Að fræðslunni komu einnig sr. Erla Guðmundsdóttir og Skúli Ólafsson frá Keflavíkirkirkju sem kynntu verkefnið *Energí og trú* og fulltrúar KFUM og KFUK sem sögðu frá verkefninu *Stop poverty*. Landsmót 2013 heppnaðist einstaklega vel og var öll aðstaða í Keflavík til fyrirmyndar og vel tekið á móti okkar allsstaðar í bænum. Raket Brynjólfsson var landsmótsstjóri 3ja árið í röð. Með vönum landsmótsstjóra hefur landsmót vaxið og þróast í það að vera mjög stórt og metnaðarfullt verkefni með nokkrum metnaðarfullum verkefnum innanborðs, má þar nefna Hópastarf, Karnival og Hæfileikakeppni.

Verndum þau

Í safnaðarheimili Hallgrímskirkju, kórkjallar þann 12. mars 2013. Fyrirlesari var Óöf Ásta Farestveit, uppeldis- og afbrotufræðingur og forstöðumaður í Barnahúsi. Þátttakendur voru 25.

Í safnaðarheimili Ísafjarðarkirkju, Ísafirði, mánudaginn 18. mars kl 19.30. Fyrirlesari var Þorbjörg Sveinsdóttir, MA í sálfræði og starfsmaður í Barnahúsi. Námskeiðið sóttu 15 manns, prestar og starfsfólk kirkna í Vestfjarðarprófastsdæmi, lögregla og hjúkrunarfræðingar.

Á námskeiðunum var talað um tilkynningaskyldu starfsmanna sem vinna með börnum og unglingum. Talað var um úrræði sem í boði eru í samfélaginu fyrir börn og unglinga sem eru þolendur ofbeldis. Talað var um líkamlegt, andlegt og kynferðislegt ofbeldi og vanrækslu hverskonar og leiðir til að mæta þeim erfiða raunveruleika. Barnaverndarlögin voru skoðuð og einnig var lagaumhverfið kynnt og refsivörslukerfið.

Í byrjun þessa árs gerði ÆSKP könnun meðal starfsfólks kirkjunnar um námskeiðin. Þar kom meðal annars fram að þrátt fyrir að margt starfsfólk kirkjunnar hafi sótt námskeiðin er þörf fyrir þau um allt land. Uppúr stóð Eyjafjarðar- og þing. prófastdæmi, suður, og Reykjavíkur prófastdæmi eystar. Niðurstöður könnunarinnar benda einnig til þess að lang flestum sem sótt hafa námskeiðin finnst þau góð, en 90% fannst þau mjög góð eða frekar góð. Einnig fannst miklum meirihluta þau nýttast vel í starfi sínu fyrir kirkjuna, en 86% sögðu þau annað hvort nýttast mjög vel eða frekar í starfi sínu. Þessar niðurstöður eru okkur hvatning til þess að halda áfram á þessari braut og eru góð staðfesting á því hve fagleg námskeið eru þar á ferð. Námskeiðin voru styrkt af Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Vaktu með Kristi

Vaktu með Kristi var haldið í ár í samstarfi við Kjalarnesprófastdæmi í Neskirkju aðfararnótt föstudagsins langa 28. mars. Að þessu sinni tóku þátttakendur af evróðunámskeiðinu *Easter Course* sem haldið var hér á landi um páskana. Færri kirkjur tóku þátt í ár en undanfarin ár en þátttakendur voru frá Víðistaðakirkju, Seljakirkju, Digranes, Hjallakirkju, Neskirkju, Hallgrímskirkju og Hafnafjarðarkirkju. Alls voru þátttakendur 31 æskulýðsbarn en 10 leiðtogar fylgdu þeim, auk þeirra samanstóð *Easter Course* hópurinn af 50 ungmönnum frá 9 löndum í Evrópu.

Námskeið og samstarfsverkefni

ÆSKP er í samstarfi við ÆSKR, Kjalarnessprófastsdæmi og Biskupsstofu um leiðtogaþjálfun og eru Farskóli leiðtogaefni og Grunnnámskeið fastir liðir í því. Leiðtoganámskeið, febrúarnámskeið og æskulýðsfulltrúanámskeið eru svo samstarfsverkefni ÆSKR, Kjalarnessprófastsdæmis, Biskupsstofu og KFUM og K.

Farskólin leiðtogaefna

Eitt af farsælustu verkefnum kirkjunnar er Farskól leiðtogaefna. Undanfarin ár hefur hann verið í vexti og voru yfir 20 nemendur skráðir veturinn 2012-2013 og 27 þetta skólaár 2013-2014. Útskrift farskólans fór fram við hátíðlega athöfn þann 28. mars sl. í Víðistaðakirkju.

Nú stendur yfir endurskoðun kennsluefnis fyrir farskóla leiðtogaefna. Að endurskoðuninni standa Pétur Björgvin Þorsteinsson, Sigríður Rún Tryggvadóttir og Dagný Halla Tómasdóttir. Þann 9. mars 2013 var haldin fundur með tólf ungmenni víða af landinu í Háteigskirkju. Þetta voru fyrrverandi og þáverandi nemendum farskólans sem mynduðu eins konar rýnihóp til þess að endurskoða efnið. Niðurstöður þessa hópastarfs verður svo notað til þess að ljúka endurskoðun kennsluefnisins en áætlað er að þeirri vinnu ljúki á þessu ári.

Grunnnámskeið

Halda átti grunnnámskeið í mars á síðasta ári en námskeiðið féll niður vegna ónógrar þátttöku.

Önnur námskeið

Leiðtoganámskeið sem halda átti í febrúar í Skálhotli undir yfirskriftinni Þátttökukirkja og ungmennalýðræði féll niður vegna veðurs. Samstarfshópurinn er nú að skipuleggja nýtt námskeið sem verður haldið í vor.

Haustnámskeið fyrir leiðtoga í æskulýðsstarfi kirkjunnar og KFUM og K var haldið í september og voru þátttakendur 25. Þar talaði sr. Gunnar Jóhannesson um trúvörn og fulltrúar frá KFUM og K kenndu leiki og töluðu um mikilvægi leikja í æskulýðsstarfi.

Í nóvember var svo haldið námskeið sem opið var öllu starfsfólki kirkjunnar um gerð hugvekja. Það kenndu sr. Vigfús Bjarni Albertsson, sr. Guðný Hallgrímsdóttir og sr. Guðni Már Harðarson. Námskeiðið fékk góðar viðtökur og óskuðu þátttakendur þess að haldið yrði framhaldsnámskeið.

Að lokum vil ég þakka stjórn ÆSKP og öllum sem koma að hinu fjölbreytta starfi ÆSKP gott samstarf og góðar stundir á liðnu starfsári.

Virðingarfyllt,

Eva Björk Valdimarsdóttir
Framkvæmdastjóri ÆSKP